

Nr. 18-016 S 008 Gnúpur GK 11**Skipverji slasast við að taka trollið**

Skipaskr.nr.: 1579
Útgerð: Þorbjörn hf
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1981, stál
Stærð: 627,8 brl. 1141 bt.
Mesta lengd: 68,2 m *Skráð lengd:* 61,79 m
Breidd: 10,2 m *Dýpt:* 6,81 m
Vél: MaK 2355 kW 1981
Fjöldi skipverja: 27



Gnúpur ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. febrúar 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 12. október 2017 var Gnúpur GK 11 á togveiðum í Sléttagrunn á NA miðum. Veður: N 15-20 m/s og ölduhæð 4 m.

Skipverjar voru að taka inn trollið en þegar einn þeirra var að fara þvert yfir rennuna til að hífa upp höfuðlínustykkið kom brot á skipið og sjór gekk upp rennuna. Við þetta féll skipverjinn og barst með sjónum fram eftir skipinu með þeim afleiðingum að hann slasaðist á hné og hálsi.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var með hjálm og í björgunarvesti;
- að fram kom að um var að ræða venjulegt verklag þ.e.a.s. að maður við bakborðshlera fór yfir rennuna til að hífa upp höfuðlínustykkið
- að sögn skipstjóra sagði hann að það sé brýnt fyrir skipverjum að fara ekki þarna fram fyrir fyrir en búið sé að hífa trollið alveg inn og búið að setja upp skutrennuhliðið þar sem sjór gengur alveg fram eftir þegar verið væri að taka inn trollið í svona kalda;
- að skutrennuhliðið hafði ekki verið híft upp þegar slysið varð.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er að ekki hafði verið gætt þeirra varkárni sem ætlast var til.